



-Maurice Peterson, New York: USA


Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árþúsunds með fingerðum stíl og tilfinn-ingaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.



Beyond Borders smákværasafn
Birgitta Jónsdóttir

Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlendis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígíeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

Birgitta Jónsdóttir

Ástin



Beyond Borders
Smákverasafn #1



Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is



Munu tímans mörk
leyfa rótum
að spretta í framandi jarðvegi
Mun ég þá verða tré
sem þaðar greinum sínum
mót veðurbrigðum
og vorfuglum
uns líf mitt fjarar út

Eða mun ég ávallt vera
sönglandi farfugl
með sjálfa mig í farteskinu
Flögrandi um í þessu risavaxna
gullbúri heimsýnar minnar

Ástin





Ástarflétta

Augu fléttast saman
snertast & fálmast
Heltaka af festu
& forvitni meðan
múrarnir hrynja

Falla niður í dimmar gjár
djúpa hlýja dali
Fléttan raknar eða
flækist þéttar

Orð aukaatriði
augun lífsmyndir

Sólin í brosi hans

Í dagrenningu birtist hann.
Hún þorði ekki að opna hjartað,
þóttist varla skynja nærveru hans
meðan hver
taug titraði.

Það var enn dimmt
og sólin lengi að
komast upp
fyrir sjónbaug.

Skyndilega braust hún fram
í brosi.

Geislarnir skáru sig
í gegnum þykkan feld
hugsanna hennar.

Hann kreisti þykkan appelsínusafa
úr sætu og safaríku atgervi.

Bauð henni að bergja á.
Hún drakk úr kaleik andartaksins,
hægt.

Fylltist björtum litum,
fylltist honum.

Magnvana móti þessum
lífsins freistingum.



Þórinn

Þegar hún er snert
þráir hún snertingu hans.
Hjartað brennur og skelfur af þrá.

Brennir upp allt það sem áður var.
Frá logandi glæðum
heyrir hæglátt andvarp.

Enn ein endurfæðingin
hefur lyft henni
upp úr hami
stöðnunar.
Enn ein reynslan
hefur safnast í sarp þroskans.

Hún finn nýjar hugsanir
læðast um hugarkytru
nýtt blóð liðast
um æðar
litað honum.

Augun hans

Maðurinn með
flauelsmjúku augun
og djúpbláa hjartað
hreyfði við löngu
gleymdum kenndum
með bifhárur ástar sinnar.

Eftir að sjálfsmyrkur
hafði ríkt öll hennar líf
var hjartað hrímað
og nábleikt.

Augnaglóð hans
bræddi kulið í kringum
hjartað hægt og hljóðlega.

Nú er hún fossandi blá
og iðandi af þrá.
Bíður þess að
ógnardjúpt hafið hverfi
svo hún geti sokkið
í djúp augna hans.



Biðin

Vatn þitt flýtur um vitund mína
hlýr foss.

Dýpkar bros mitt
er ég lauga hendur mínar
við uppsprettu þína.

Ég er marglitur gulllitur fiskur
sem liðast um hella þína.

Ég kitla fossafald þinn
með mjúkum hreyfingum mínum.

Ég býð með alla
fjárjóði mína
falda í augnráðinu
sem ég ætla að
varpa á þig
þegar augu okkar
snertast að nýju.

Tungumál steinanna

Húðin gælir við vindinn.
Drekkur í sig ævintýrin
sem ferðast í fangi hans.

Í hinni meðvituðu hringiðu
eru hillingarnar eins áþreifanlegar
og líkaminn.

Í brotsjó ástríðna skolar
myndum hans á land.
Ávalar og mjúkar
eins og fjörugrjótið.
Dulúðlegar og djúpar
eins og tungumál steinanna.



Tónar sannleikans

Þegar leiðir snertust
ómaði tónverkið
enn ósamið
um sali hjartans.

Tilviljanir ekki
ofnar í tónsmíðar hans.

Þær bergmála um hug og hjarta
í hvert sinn sem hún dregur andann.

Hann er hinn forni prestur
úr hofi sannleikans.
Leiddur inn í lífið
svo hún fái munað.

Von

Ef ég hvísla í eyra
farfuglsins
að ég sakni þín
Kemur þú þá
ríðandi á baki hans
og gjöreyðir þessu tómi

Ef við rennum saman í eitt
mun þrá minni þá slota

Mun sál mín eilíft vera
flöktandi ljóstýra
leitandi
að einhverju
sem vex í tónfalli
við mig

Sem mun arka sömu ótroðnu slóðirnar

Ljóð og listaverk ©2005 Birgitta Jónsdóttir

Teikning á bókakápu © 2005 Maurizio di Bona

Ljósmynd af fugli í fjöruborði eftir Charles Egil Hirt

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

poems@this.is

Þessi bók er handgerð og prentuð í 44 eintökum

Þetta er bók númer